

Tillaga um úttekt á kynþáttafordómum innan Reykjavíkurborgar

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð leggur til að framkvæmd verði úttekt á kynþáttafordómum og birtingarmyndum þeirra innan stofnana Reykjavíkurborgar. Tillagan er í samræmi við aðgerð nr. 40 í Aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi 2022-2024, að sporna gegn kynþáttafordómum og vinna að viðhorfsbreytingu. Framkvæmd úttektar skal ákveðin og útfærð nánar í samráði við mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu og æskilegt að henni verði lokið eigi síðar en í árslok 2022.